

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 417/2002

frá 18. febrúar 2002

um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,
með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,
í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt sameiginlegri stefnu í flutningamálum verður að gera frekari ráðstafanir til að auka öryggi og koma í veg fyrir mengun frá sjóflutningum.
- 2) Bandalagið hefur þungar áhyggjur af sjóslusum þar sem olíuflutningaskip koma við sögu og þeirri mengun sem þeim fylgir á strandlengjum, sem og af þeim skaða sem dýra- og plönturíkið og aðrar auðlindir hafsins verða fyrir.
- 3) Í orðsendingu sinni um „sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti“ ítrekaði framkvæmdastjórnin til-mæli aukafundar ráðsins um umhverfis- og flutninga-mál frá 25. janúar 1993 um að styðja aðgerð Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar til að draga úr misræmi, að því er varðar öryggi, milli nýrra og gamalla skipa með því að endurbæta og/eða úrelða gömul skip í áföngum.
- 4) Í ályktun sinni um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti ⁽⁵⁾ fagnaði Evrópuþingið orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og hvatti einkum til þess að gripið yrði til aðgerða til að herða öryggiskröfum sem gerðar eru til tankskipa.

- 5) Með ályktun sinni frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti ⁽⁶⁾ lýsti ráðið yfir fullum stuðningi við markmiðin í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar.
- 6) Í ályktun sinni um olíubrákina undan ströndum Frakklands frá 20. janúar 2000 fagnaði Evrópuþingið allri viðleitni framkvæmdastjórnarinnar til að færa framfarir þann dag þegar þess verður krafist að olíuflutningaskip skuli hafa tvöfaldan byrðing.
- 7) Í alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 og bókun við hann frá 1978 (MARPOL-samningnum frá '73/'78) setti Alþjóðasiglingamálastofnunin fram reglur, sem samþykktar hafa verið á alþjóðavettvangi, um varnir gegn mengun sem hafa áhrif á hönnun og starfrækslu olíuflutningaskipa. Aðildarríkin eru aðilar að MARPOL-samningnum frá '73/'78.
- 8) Samkvæmt grein 3.3 í MARPOL-samningnum frá '73/'78 gildir samningurinn ekki um herskip, hjálpar-skip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða skip starfrækt af ríkinu, sem eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en í atvinnuskyni.
- 9) Samanburður á aldri tankskipa og tölfræði um slys hefur leitt í ljós aukna tíðni slysa meðal eldri skipa. Einhugur ríkir um það á alþjóðavettvangi að samþykkt breytinganna frá 1992 á MARPOL-samningnum frá '73/'78, þar sem krafist er tvöfalds byrðings eða sambærilegrar hönnunar fyrir gömul olíuflutningaskip með einföldum byrðingi þegar þau ná tilteknum aldri, muni veita þessum tankskipum aukna vernd gegn olíumengun af slysi ef til árekssturs eða strands kemur.
- 10) Það er bandalaginu í hag að samþykkja ráðstafanir til að tryggja að olíuflutningaskip, sem koma til hafna og endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkjanna, og olíuflutningaskip, sem sigla undir fána aðildarríkja, uppfylli reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 eins og hann var endurskoðaður árið 2001 með ályktun MEPC 95(46) til að draga úr hættunni á olíumengun af slysi á hafsvæði Evrópu.

⁽¹⁾ Stj.útd. EB C 212 E, 25.7.2000, bls. 121 og Stj.útd. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 41.

⁽²⁾ Stj.útd. EB C 14, 16.1.2001, bls. 22.

⁽³⁾ Stj.útd. EB C 22, 24.1.2001, bls. 19.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 30. nóvember 2000 (Stj.útd. EB C 228, 13.8.2001, bls. 140), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. ágúst 2001 (Stj.útd. EB C 307, 31.10.2001, bls. 41) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2001.

⁽⁵⁾ Stj.útd. EB C 91, 28.3.1994, bls. 301.

⁽⁶⁾ Stj.útd. EB C 271, 7.10.1993, bls. 1.

- 11) Breytingar á MARPOL-samningnum frá '73/'78, Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 6. mars 1992, öðluðust gildi 6. júlí 1993. Í þessum ráðstöfunum eru settar fram kröfur um að olúflutningaskip, sem eru afhent 6. júlí 1996 eða síðar, hafi tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun til þess að koma í veg fyrir olúmengun ef til árekssturs eða strands kemur. Breytingarnar fela m.a. í sér áætlun um að úrelða í áföngum olúflutningaskip með einföldum byrðingi sem afhent voru fyrir þann dag, sem öðlaðist gildi 6. júlí 1995, þar sem þess var krafist að tankskip sem afhent voru fyrir 1. júní 1982 uppfylltu kröfur um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun eigi síðar en 25 árum, og, í sumum tilvikum, 30 árum eftir afhendingardag þeirra. Óheimilt verður að starfrækja þessi gömlu olúflutningaskip með einföldum byrðingi eftir árið 2007 og, í sumum tilvikum, árið 2012, nema skipin uppfylli kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78. Að því er varðar gömul olúflutningaskip með einföldum byrðingi sem afhent voru eftir 1. júní 1982 eða sem afhent voru fyrir 1. júní 1982 en sem hefur verið breytt þannig að þau uppfylli kröfur MARPOL-samningsins frá '73/'78 um aðgreinda sjókjölfestugeyma og varða staðsetningu þeirra, rennur þessi frestur út í síðasta lagi árið 2026.
- 12) Nýjar og mikilvægar breytingar á reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 voru samþykktar 27. apríl 2001 á 46. fundi sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC-46) með ályktun MEPC 95(46), sem öðlaðist gildi 1. september 2002, þar sem komið var á fót nýrri áætlun um að hraða úrelðingu í áföngum fyrir olúflutningaskip með einföldum byrðingi. Fresturinn, sem gefinn er til að tankskip uppfylli reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, ræðst af stærð og aldri skipsins. Samkvæmt þeirri áætlun eru olúflutningaskip því flokkuð í þrjú flokka eftir tonnatölu, smíði og aldri. Allir þessir flokkar eru mikilvægir fyrir viðskipti innan bandalagsins, jafnvel sá lægsti, 3. flokkur.
- 13) Fresturinn, sem gefinn er til að úrelða olúflutningaskip með einföldum byrðingi í áföngum, miðast við árlega dagsetningu afhendingar skipsins samkvæmt áætlun sem nær frá 2003 til 2007 fyrir olúflutningaskip í 1. flokki og til 2015 fyrir olúflutningaskip í 2. og 3. flokki.
- 14) Í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 er haldið fast við þær kröfur til tankskipa í 1. flokki að þau séu, að 25 árum liðnum, búin hliðargeymum eða tvöföldum botni á vörðum stöðum sem ekki eru notaðir til að geyma farm eða að einungis sé lestað í vökvastöðujafnvægi.
- 15) Í sömu reglu er sett fram krafa um að ekki megi halda áfram að starfrækja olúflutningaskip eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005 fyrir skip í 1. flokki og árið 2010 fyrir skip í 2. flokki, nema skipið samræmist áætlun um ástandsmat (CAS) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 27. apríl 2001 með ályktun MEPC 94(46). Áætlunin um ástandsmat leggur stjórnsýslu fánaríkisins þær skyldur á herðar að gefa út yfirlýsingu um að skilyrði hafi verið uppfyllt og taka þátt í framkvæmd könnunar á vegum áætlunarinnar um ástandsmat.
- 16) Í 5. mgr. fyrrnefndrar reglu er heimiluð undanþága til að starfrækja olúflutningaskip í 2. og 3. flokki við tiltekna aðstæður, fram yfir þann frest sem gefinn var til að úrelða þau í áföngum. Ákvæði b-liðar 8. mgr. í sömu reglu veitir aðilum að MARPOL-samningnum frá '73/'78 rétt til að synja olúflutningaskipum, sem starfrækt eru samkvæmt þessari undanþágu, um að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu þeirra. Aðildarríkin hafa lýst yfir þeim ásetningi sínum að nýta sér þennan rétt. Tilkynna verður Alþjóðasiglingamálastofnuninni um ákvörðun um að skírskota til þessa réttar.
- 17) Mikilvægt er að tryggja að ákvæði þessarar reglugerðar stofni ekki í hættu öryggi áhafnar eða olúflutningaskipa í leit að öruggri höfn eða skipaafdrepi.
- 18) Til að gera skipasmíðastöðvum í aðildarríkjunum kleift að sinna viðgerðum á olúflutningaskipum með einföldum byrðingi geta aðildarríkin gert undantekningar og heimilað slíkum skipum aðgang að höfnum sínum, að því tilskildu að enginn farmur sé um borð.
- 19) Það ætti að vera mögulegt að breyta tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar til að aðlaga þau alþjóðasamningnum sem eru samþykktir, er breytt eða öðlast gildi eftir gildistöku reglugerðarinnar án þess að víkka út gildissvið hennar. Slíkar breytingar skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 20) Þar sem fresturinn fyrir olúflutningaskip með einföldum byrðingi, sem ekki uppfylla kröfur MARPOL-samningsins frá '73/'78 um aðgreinda sjókjölfestugeyma og varða staðsetningu þeirra, rennur bráðum út, og þar sem þetta á einkum við um tankskip í 1. flokki, er engin ástæða til að viðhalda því gjaldtökukerfi í reglugerð (EB) nr. 2978/94⁽²⁾ sem greinir á milli olúflutningaskipa og olúflutningaskipa sem uppfylla fyrrgreindar kröfur eftir 2007 og því ber að fella reglugerð (EB) nr. 2978/94 úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að innleiða áætlun um að flýta beitingu krafanna um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun fyrir olúflutningaskip með einföldum byrðingi sem kveðið er á um í MARPOL-samningnum frá '73/'78.

⁽¹⁾ Stjútö. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 frá 21. nóvember 1994 um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.747(18) um beitingu mælingarreglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í olúflutningaskipum (Stjútö. EB L 319, 12.12.1994, bls. 1).

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og yfir:

- sem koma til hafnar eða endastöðvar undan strönd innan lögsögu aðildarríkis, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, eða
- sem sigla undir fána aðildarríkis.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða skip starfrækt af ríkinu, sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en í atvinnuskyni. Aðildarríkin skulu, að svo miklu leyti sem sanngjarnt er að ætla og unnt er, leitast við að virða ákvæði þessarar reglugerðar að því er varðar þau skip sem um getur í þessari málsgrein.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „MARPOL-samningurinn frá '73/'78“: alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og honum var breytt með bókun frá 1978 ásamt breytingum, sem er í gildi 18. febrúar 2002;
2. „endurskoðuð regla 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78“: breytingar á reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 og á viðbót við alþjóðlega olíumengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), eins og þær voru samþykktar með ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001, sem öðlast gildi 1. september 2002;
3. „olíuflutningaskip“: olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 4. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
4. „burðargeta“: burðargeta samkvæmt skilgreiningu í 22. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
5. „nýtt olíuflutningaskip“: nýtt olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 26. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
6. „olíuflutningaskip í 1. flokki“: olíuflutningaskip með 20 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur hráolíu, brennsluolíu, þunga gasolíu eða smurolíu sem farm, og með 30 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur aðrar tegundir olíu en framangreindar, sem uppfylla ekki kröfur um ný olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 26. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
7. „olíuflutningaskip í 2. flokki“: olíuflutningaskip með 20 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur hráolíu, brennsluolíu, þunga gasolíu eða smurolíu sem farm, og með 30 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur aðrar tegundir olíu en framangreindar, sem uppfylla kröfur um ný olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 26. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;

8. „olíuflutningaskip í 3. flokki“: olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og yfir en þó minni en þá sem tilgreind er í 6. og 7. skilgreiningu;
9. „olíuflutningaskip með einföldum byrðingi“: olíuflutningaskip sem uppfyllir ekki kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
10. „olíuflutningaskip með tvöföldum byrðingi“: olíuflutningaskip sem uppfyllir kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
11. „aldur“: aldur skipsins, gefinn til kynna í árafjölda frá afhendingardegi þess;
12. „þung gasolía“: dísilolía samkvæmt skilgreiningu í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
13. „brennsluolía“: eimaðar, millipykkar olíur eða eimingarleifar úr hráolíu eða blanda slíkra efna samkvæmt skilgreiningu endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

4. gr.

Samræmi olíuflutningaskipa með einföldum byrðingi við kröfur um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun

1. Ekki skal heimila starfrækslu olíuflutningaskips undir fána aðildarríkis né leyfa olíuflutningaskipi, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til hafnar eða endastöðvar undan strönd innan lögsögu aðildarríkis eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins á árinu sem er tilgreint hér á eftir nema slíkt olíuflutningaskip hafi tvöfaldan byrðing:
 - a) olíuflutningaskip í 1. flokki:
 - 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1973 eða fyrr,
 - 2004 fyrir skip sem voru afhent árin 1974 og 1975,
 - 2005 fyrir skip sem voru afhent árin 1976 og 1977,
 - 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978, 1979 og 1980,
 - 2007 fyrir skip sem voru afhent árið 1981 eða síðar;
 - b) olíuflutningaskip í 2. flokki:
 - 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1973 eða fyrr,
 - 2004 fyrir skip sem voru afhent árin 1974 og 1975,
 - 2005 fyrir skip sem voru afhent árin 1976 og 1977,
 - 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978 og 1979,
 - 2007 fyrir skip sem voru afhent árin 1980 og 1981,
 - 2008 fyrir skip sem voru afhent árið 1982,
 - 2009 fyrir skip sem voru afhent árið 1983,
 - 2010 fyrir skip sem voru afhent árið 1984,
 - 2011 fyrir skip sem voru afhent árið 1985,
 - 2012 fyrir skip sem voru afhent árið 1986,
 - 2013 fyrir skip sem voru afhent árið 1987,
 - 2014 fyrir skip sem voru afhent árið 1988,
 - 2015 fyrir skip sem voru afhent árið 1989 eða síðar;

c) olúflutningaskip í 3. flokki:

7. gr.

- 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1973 eða fyrr,
- 2004 fyrir skip sem voru afhent árin 1974 og 1975,
- 2005 fyrir skip sem voru afhent árin 1976 og 1977,
- 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978 og 1979,
- 2007 fyrir skip sem voru afhent árin 1980 og 1981,
- 2008 fyrir skip sem voru afhent árið 1982,
- 2009 fyrir skip sem voru afhent árið 1983,
- 2010 fyrir skip sem voru afhent árið 1984,
- 2011 fyrir skip sem voru afhent árið 1985,
- 2012 fyrir skip sem voru afhent árið 1986,
- 2013 fyrir skip sem voru afhent árið 1987,
- 2014 fyrir skip sem voru afhent árið 1988,
- 2015 fyrir skip sem voru afhent árið 1989 eða síðar.

Frestur

Eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2015 er óheimilt:

- að halda áfram, í samræmi við 5. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, starfrækslu olúflutningaskipa í 2. og 3. flokki sem sigla undir fána aðildarríkis, og
- að önnur olúflutningaskip í 2. og 3. flokki komi til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis án tillits til þess hvort þau halda áfram að vera starfrækt undir fána þriðja ríkis í samræmi við 5. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

8. gr.

Undanþágur fyrir skip í neyð eða skip sem á að gera við

1. Þrátt fyrir 4., 5. og 7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt, með fyrirvara um ákvæði landslaga og í sérstökum tilvikum, að leyfa einstöku skipi að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu þess, ef:

- um er að ræða olúflutningaskip í neyð sem er í leit að skipaafdrepi,
- olúflutningaskip án farms er á leið til hafnar til viðgerðar.

2. Aðildarríkin skulu, í tæka tíð og fyrir 1. september 2002, senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau munu beita við aðstæður eins og þær sem getið er um í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

9. gr.

Tilkynning til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar

1. Formaður ráðsins, fyrir hönd aðildarríkjanna, og framkvæmdastjórnin skulu í sameiningu tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um samþykkt þessarar reglugerðar en með henni skal vísað til 3. mgr. 211. gr. í Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um það ef það ákveður að synja olúflutningaskipum, skv. 7. gr. þessarar reglugerðar, sem starfrækt eru í samræmi við ákvæði 5. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, um að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu sinnar á grundvelli b-liðar 8. mgr. í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

2. Olúflutningaskip í 1. flokki, sem er 25 ára eða eldra miðað við dagsetningu afhendingar þess, skal uppfylla annað af eftirfarandi ákvæðum:

a) það skal hafa hliðargeyma eða rými í tvöföldum botni sem eru ekki notuð til olúflutninga og sem uppfylla kröfur 4. liðar reglu 13E í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 um breidd og hæð, ná yfir a.m.k. 30% af L_t fyrir mestu dýpt skipsins á hvorri hlið eða a.m.k. 30% af vörpuðu flatarmáli botnklæðningar innan L_t þar sem L_t er í samræmi við skilgreiningu 2. liðar reglu 13E í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, eða

b) það skal lestað í vökvastöðujafnvægi, að teknu tilliti til viðmiðunarreglnanna sem settar voru fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MEPC 64(36).

5. gr.

Samræmi skipa í 1. og 2. flokki við áætlun um ástandsmat

1. Olúflutningaskipi er óheimilt að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005 fyrir skip í 1. flokki og 2010 fyrir skip í 2. flokki, nema það sé í samræmi við áætlunina um ástandsmat sem um getur í 6. gr.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkis geta leyft áframhaldandi starfrækslu olúflutningaskips, sem siglir undir fána þess aðildarríkis, eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005 fyrir skip í 1. flokki og árið 2010 fyrir skip í 2. flokki en þó einungis ef skipið samræmist áætlun um ástandsmat sem um getur í 6. gr.

6. gr.

Áætlun um ástandsmat (CAS)

Áætlunin um ástandsmat, sem samþykkt var með ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001, gildir að því er varðar 5. gr.

3. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um leyfi eða um frestun, afturköllun eða synjun á leyfi til starfrækslu olúflutningaskips í 1. eða 2. flokki, sem er heimilt að sigla undir fána þess í samræmi við 5. gr., á grundvelli a-liðar 8. mgr. í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem skipuð var skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE ⁽¹⁾, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

11. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga

Tilvísunum, sem er að finna í greinum þessarar reglugerðar til reglna í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. PIQUÉ I CAMPS

forseti.

'73/'78 og til ályktana MEPC 94(46) og 95(46), skal, ef við á, breytt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. til að aðlaga tilvísanirnar breytingum á þessum reglum og ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar rýmka ekki gildissvið þessarar reglugerðar.

12. gr.

Niðurfelling

Tilskipun ráðsins (EB) nr. 2978/94 falli hér með úr gildi frá og með 31. desember 2007.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. september 2002.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins (Stjútíð. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB (Stjútíð. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7).